

Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Sölvhólgötu
101 Reykjavík

Sent á samráðsgátt

Reykjavík, 13. mars 2020

Efni: Umsögn Samtaka atvinnulífsins um drög að tillögu til þingsályktunar um menntastefnu til 2030

Samtök atvinnulífsins (SA), hafa tekið til umsagnar þingsályktunartillögu um menntastefnu til 2030 sem birt var á samráðsgátt stjórnvalda 28. febrúar 2020. SA fagna framkominni þingsályktun enda koma þar fram mörg mikilvæg hagsmunamál fyrir íslenskt menntakerfi. Eftirfarandi eru nokkur atriði sem SA vilja draga sérstaklega fram.

- Áhersla á læsi og íslenska tungu verður ávallt að vera í forgrunni enda er hún grundvöllur annarra framfara í námi og störfum. Árangur á þessu sviði er stór breyta þegar kemur að því að draga úr vanda þeirra nemenda sem ekki hafa íslensku sem móðurmál eða eiga foreldra með annað tungumál en íslensku sem móðurmál. Í þessu sambandi þarf stórsókn án nokkurra málamiðlana.
- Ánægjulegt er að sjá áherslu á Starfs-, iðn- og tækninám og áherslur sem tengjast fagháskólanámi, þrepaskippingu náms og bættri stjórnsýslu starfsmenntunar.
- Hvað varðar Ævinám og markvissa uppbyggingu hæfni er ánægjulegt að sjá að sérstaklega er horft til þess að brúa bil formlega skólakerfisins við hið óformlega. Jafnframt að horft sé til innflytjenda og flóttafólks í auknum mæli enda blasir við að sá hópur hefur átt undir högg að sækja hvað menntunarúrræði varðar. Nauðsynlegt er að endurskoða regluverk fullorðinsfræðslunnar og tryggja að til séu hvatar fyrir þróun og nýsköpun á því sviði.
- Það eru nokkur vonbrigði að í frumvarpinu felst ekki skýrari ásetningur um endurskoðun á kerfislægum þáttum menntakerfisins. Í því felst m.a. lengd skólaársins og sumarfría, möguleg stytting grunnskólans, skólaskyldudur og skil á milli skólastiga. Í því sambandi er mikilvægt að horfa til landanna í kringum okkur og þeirra kosta sem felast í samræmi á milli landa. Sömuleiðis vilja SA ítreka mikilvægi fjölbreyttra rekstrarforma í umræðu um þróun menntakerfisins enda sýna rannsóknir að slíkt ýtir undir faglegt þróunarstarf.
- Starfsumhverfi, umgjörð og kjaramál kennara þarf að endurskoða samhliða öðrum aðgerðum sem tengjast faglegum stuðningi og þróun á námi og starfi kennara.
- Hvað varðar almennar áherslur þá fagna SA aukinni áherslu á raunfærnimat. Sömuleiðis áherslum sem fram koma á mikilvægi gagnrýnnar hugsunar, sköpunar og hagnýtingu þekkingar og áformum um eflingu á vinnslu með menntatölfræði og greiningar á færniþörf.

Virðingarfyllt,
f.h. Samtaka atvinnulífsins

Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir

Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir